# REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð um gildistöku reglugerða Evrópusambandsins um vátryggingastarfsemi og vátryggingasamstæður, nr. 55/2022.**

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. reglugerðarinnar:

a. Við 1. tölul. 1. mgr. bætist nýr stafliður, f-liður, svohljóðandi: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1221 frá 1. júní 2018 um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) 2015/35 að því er varðar útreikning á lögbundnum gjaldþolskröfum fyrir verðbréfanir og einfaldar, gagnsæjar og staðlaðar verðbréfanir í eigu vátrygginga- og endurtryggingafélaga, sem birt er á bls. 261–266 í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 83 frá 14. nóvember 2024.

b. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi: Reglugerð skv. f-lið 1. tölul. 1. mgr. var tekin upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 145/2024 frá 12. júní 2024, sem er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 72 frá 3. október 2024, bls. 45-49.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 1. mgr. 103. og 114. gr. laga um vátryggingastarfsemi, nr. 100/2016, öðlast þegar gildi.

*Fjármála- og efnahagsráðuneytinu, 13. nóvember 2025.*

F. h. r.
**Gunnlaugur Helgason.**

*Sigríður Rafnar Pétursdóttir.*

B deild - Útgáfudagur: 28. nóvember 2025